



TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Háaleitis og Bústaða um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut:

Lagt er til að Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði örugg tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut frá Háaleitishverfinu. Lagt er til að slík tenging yrði staðsett í beinu framhaldi af Vegmúla.

Greinagerð:

Laugardalurinn er mikil útivistar- og tómstundarparadís sem íbúar í Háaleitis- og Bústaðahverfi sækja mikið heim. Suðurlandsbraut er þó í dag mikill faratálmi sem dregur úr möguleikum íbúa á að nýta sér gæði dalsins. Úr því þarf að bæta. Miklar breytingar eru í farvatninu á Suðurlandsbraut með tilkomu Borgarlínunnar en einnig mun íbúðauppbygging á Orkureit og endurnýjun og uppbygging í Múlahverfi kalla á bættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi á svæðinu. Að ógleymdri Þjóðarhöll sem rísa á milli Suðurlandsbrautar og Laugardalshallar. Allt leggst þetta á eitt að bætt tenging fyrir óvarða vegfarendur yfir Suðurlandsbraut er aðkallandi mál.

Tillagan er byggð á vinsælli hugmynd úr verkefninu Hverfið mitt sem ekki hlaut brautargengi á kjörskrá m.a. vegna stærðar, kostnaðar og/eða tæknilegs flækjustigs. Hægt er að skoða umræddar hugmyndir hér -> <https://hverfidmitt-2020-2021.betireykjavik.is/group/22789>.